



Stjórn Úrvinnslusjóðs

354. stjórnarfundur, þriðjudaginn 30. janúar 2024 - kl. 13.00 – 15:00

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

A. Til kynningar:

1. Söfnun á víðavangi
2. Endurgjald vegna sérstakrar söfnunar
3. Hagsmunaráð

B. Til samþykktar:

4. Stefnumótun
5. Meðhöndlun ökutækja

C. Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu mála

D. Fundargerð lögð fram til samþykktar

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),

Benedikt S. Benediktsson (BSB),

Guðný Hjaltadóttir (GH),

Hildur Hauksdóttir (HH),

Jón Viggó Gunnarsson (JVG)

Líf Magneudóttir (LM)

Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),

Margrét Kjartansdóttir (MK), fundarritari.

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Stjórn samþykkti stefnuskipti með fyrirvara um minniháttar orðalagsbreytingar.
- Stjórn framlengdi undanþágu vegna upplýsingagjafar um úrvinnslu ökutækja til og með 29. febrúar 2024.
- Stjórn samþykkti fundargerð 354. fundar

Verkefni:

- Úrvinnslusjóður greini áhrif frekari framlengingar undanþágu vegna upplýsingagjafar um úrvinnslu ökutækja. Greining liggir fyrir á stjórnarfundum 22. febrúar nk.

DAGSKRÁ

A. Til kynningar:

1. Söfnun á víðavangi

Úrvinnslusjóður segir frá forsendum við endurmat endurgjalds vegna söfnunar á víðavangi. Stefnt er að því leggja tillögu um nýtt endurgjald fyrir stjórn í byrjun mars nk. Áhersla er á að kerfi í kringum greiðslur verði einfalt en styðji jafnframt við markmið sjóðsins og uppfylli lagaskyldur.

2. Endurgjald vegna sérstakrar söfnunar

Unnið er að nýrri kostnaðargreiningu vegna sérstakrar söfnunar. Lagt er fram minnisblað þar sem reifuð eru þau sjónarmið sem lagt er til að verði lögð til grundvallar við endurskoðun endurgjalds.

3. Hagsmunaráð

Sagt er frá fyrsta fundi Hagsmunaráðs þar sem rætt var um hlutverk, markmið og skipulag ráðsins.

B. Til samþykktar:

4. Stefnumótun, vinnufundur stjórnar 2024

Lögð eru fram drög að nýrri stefnu sjóðsins. Drög sem byggja á vinnu starfsmanna og stjórnar síðustu vikur innihelda skilgreiningar á hlutverki, gildum og framtíðarsýn auk þess sem þau innihalda verkefnalista sem vinna má verkáætlun út frá þegar fyrir liggur samþykki stjórnar. Stefnuskjöl eru samþykkt með fyrirvara um minniháttar breytingar. Fram kom að vinna við að framfylgja stefnunni myndi hefjast strax og stjórnarmenn gætu verið beðnir um að taka þátt í úrlausn ákveðinna viðfangsefna í þeirri vinnu.

5. Meðhöndlun ökutækja

Undanþága frá upplýsingagjöf um einstaka straua úrvinnslu ökutækja rennur út í lok janúar. Brotamálsfyrirtækjum var send fyrirspurn varðandi áhrif þess á þau ef undanþága er ekki framlengd. Stjórn framlengir undanþágu í einn mánuð eða til loka febrúar, jafnhliða verði farið í kostnaðarmat vegna endurgjalds fyrir fullunninn ökutæki. Velji brotamálsfyrirtæki að nýta ekki undanþágu fær það endurgjald greitt samkvæmt kostnaðarmati. Lagt er fyrir skrifstofu Úrvinnslusjóðs að greina ítarlega heildaráhrif þess að framlengja undanþágu frekar, slíkt mat verði lagt fyrir ekki seinna en á stjórnarfundum 22. febrúar nk.

C. Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu mála í rekstri

Framkvæmdastjóri segir frá helstu málum sem komið hafa upp í daglegum rekstri frá síðasta fundi sjóðsins.

- D. Fundargerð lögð fram til samþykktar og undirritunar**
Fundargerð fundarins var samþykkt eins og hún var lögð fram

Fundi slitið 15.05